

Ed.

235. Frumvarp

til laga um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Kollaleiru.

Flm.: Ingvar Pálmason.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að selja Reyðarfjarðarhreppi þjóðjörðina Kollaleiru í Reyðarfjarðarhreppi, fyrir það verð, sem dómkvaddir

menn óvilhallir meta, og með þeim borgunarskilmálum, sem gilda um aðrar þjóðjarðir.

Greinargerð.

Ástæðan til, að þetta frumvarp er fram komið er sú, að Reyðarfjarðarkauptún hefir vaxið mjög á síðari árum. Um 1920 voru íbúar þess um 100, en nú um 300. Kauptúnið er byggt í Bakkagerðis- og Kollaleirulandi. Í Bakkagerði er lítið land og erfitt til ræktunar, en á Kollaleiru er mikið af ræktanlegu landi, sem liggur vel við að ræktast frá þorpínu.

Sem í öðrum þorpum mundi það affarasælast, að menn ræktuðu land sjálfir, svo hægt væri að framleiða næga mjólk. Nú eru á Reyðarfirði aðeins 21 mjólkurkúr, en þyrftu að vera nær 60 til að fullnægja mjólkurþörf hrepps-búa. Fóður þeirra kúa, sem nú eru í þorpínu, er að miklu sótt lengra að og á óræktað land, því þorpsbúar hafa ekkert land til ræktunar.

Þess skal getið, að ábúandi Kollaleiru mun fús til að gefa eftir forkaupsrétt sinn á jörðinni.